

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 22. mars 2019

Mál: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um aukatekjur ríkissjóðs nr. 88/1991, með síðari breytingum (gjald fyrir þinglýsingar með rafrænni færslu) – 633. mál.

Samtök atvinnulífsins (SA) hafa tekið framangreint frumvarp til umsagnar. Með frumvarpinu er lagt til að sama gjald skuli greiða fyrir rafræna færslu og fyrir þinglýsingu skjala á pappír. SA taka undir þau sjónarmið sem koma fram í umsögn Samtaka fjármálafyrirtækja og vilja áréttta eftirfarandi:

Við núverandi þinglýsingaframkvæmd greiðist eitt gjald fyrir þinglýsingu óháð því á hve margar eignir skjali er þinglýst. Ef framkvæmd, skv. frumvarpinu, verður með þeim hætti að fyrir hverja eign verði til ný rafræn færsla getur þinglýsingarkostnaður orðið mjög mikill og því hagkvæmara að láta þinglýsa skjalinu með gamla laginu. Mikilvægt er að gætt verði að því að samþykkt frumvarpsins verði ekki til þess að um hækkun á gjaldi sé að ræða, þegar réttindum samkvæmt einu skjali er þinglýst rafrænt óháð því hvort að um ræði fleiri en eina færslu.

SA gagnrýna jafnframt að gjaldtaka vegna rafrænna þinglýsinga verði sú sama og vegna þinglýsingar skjala við núverandi framkvæmd. Sú vinna sem nú fer fram við þinglýsingar er að mestu leyti, með nýju kerfi, færð yfir til þinglýsingarbeiðanda. Sjálfvirknin mun því aukast og því er ekki hægt að réttlæta að sami kostnaður og nú er innheimtur lendi á herðum þeirra er nýta rafrænu þjónustuna. Stjórnvöld skulu hafa það að leiðarljósi að innheimta gjalda verði sem hagfelldust fyrir atvinnulífið, almenning og samfélagið í heild. SA leggja til að gjaldið verði lækkað.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins,



Heiðrún Björk Gísladóttir